

Nr. 14.
18.
septbr.

Lög

um

viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Enginn útflutningastjóri eður umboðsmaður útflutningastjóra má taka við neinu innskriptargjaldi eða neinu fje undir nokkuð öðru nafni sem borgun upp í væntanlegt far gjald eður meðalgöngu fyrir að útvega útförum far, nje heldur nokkurri skuldbindingu um gjald síðar í þessu skyni, nema hann jafnframt gefi útfaranum skriflegt loforð um flutning fyrir fastákvæðið verð á tilteknum tíma og frá tilteknum stað.

Brotum gegn þessum ákvæðum hegðir landshöfðingi með úrskurði til sekta allt að 2000 kr. af upphæð þeirri, er útflutningastjóri hefur að veði lagt; útflutningaleyfið má og af honum taka, ef tilefni þykir til.

2. gr.

Nú tekur útflutningastjóri eigi við útförum á þeim tíma og stað, er hann eður umboðsmenn hans hafa um samið eður auglýst, enda sje eigi lögmætum forföllum um að kenna, og getur þá útfari hver kært útflutningastjóra fyrir landshöfðingja'; en hann ákveður bætur útförum til handa af veði því, er útflutningastjóri hefur sett, enda hafi útfarinn eigi vanhaldið sínar skuldbindingar.

3. gr.

Skip, sem flytja útfara af landi, mega hvergi hjer við land taka neinn farþegja um borð, sem ekki hefur útfararsamning áteiknaðan af löggreglustjóra eða umboðsmanni hans löggiltum, aður en hann fer á skip, nema hann hafi vegabréf frá löggreglustjóra umdæmisins, eða löggiltum umboðsmanni hans, þar sem hann fer á skip.

Nr. 14. Lög 18. septbr. um viðauka við lög 14. janúar 1876 um tilsjón með flutningum á þeim mönnum, er flytja sig úr landi í aðrar heimsálfur.

Lov

Nr. 14.
18de
Septbr.

inneholdende

Tillæg til Lov af 14de Januar 1876 om Tilsyn med Udvandereres
Befordring.

Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadsætter følgende Lov:

§ 1.

Ingen Udvandringsagent eller dennes befudmægtigede maa modtage Indskrivningspenge eller noget Beløb under nogensomhelst Betegnelse som Afdrag paa Vedslag for forventet Befordring eller Mellemkomst for at skaffe Udvandrere Befordring, ej heller noget forpligtende Tilsagn om Betaling senere i et saadant Øjemed, med mindre han samtidig giver Udvanderen et skriftligt Løste om Befordring for en bestemt Betaling til bestemt Tid og fra et bestemt Sted.

Overtrædelse af foranførte Bestemmelser straffes ved Landshøvdingens Resolution med Bøder indtil 2,000 Kr., der afholdes af den af Udvandringsagenten stillede Sikkerhed, ligesom ogsaa Tilladelsen til at befordre Udvandrere kan ham fratages, saafremt dertil maatte findes Anledning.

§ 2.

Når en Udvandringsagent ikke tager imod Udvandrere til den Tid og paa det Sted, som af ham eller hans befudmægtigede er omkontraheret eller bekendtgjort, og lovligt Forsald ikke er tilstede, kan enhver Udvandrer indgive Klage over Udvandringsagenten til Landshøvdingen, der af den af Udvandringsagenten stillede Sikkerhed bestemmer Erstatning til Udvanderne, saafremt disse ikke have misligholdt de af dem indgaaede Forpligtelser.

§ 3.

Udvandreriske maa intetsteds her ved Landet modtage nogen Passager, som ikke inden han gaar ombord, er forsynet med en af vedkommende Politimester eller hans autoriserede Fuldmægtig paategnet Udvandringskontrakt, eller ogsaa et Pas udstedt af Stedets Politimester eller hans autoriserede Fuldmægtig paa Indskrivningsstedet.

Nr. 14. Brotum gegn ákvæði þessu hegnir landshöfðingi með úrskurði til sektu allt að
^{18.}
 septbr. 400 kr. fyrir hvern þann mann, sem skipstjóri tekur á skip sitt gegn banni þessu, og
 greiðist sektarfeð af upphæð þeirri, er útfutningastjóri hefur að veði lagt.

Nú afhendir maður öðrum vegabréf sitt, og varðar það jafnháum sektum sem
 áður er talið. Þau sektamál skal sækja sem almenn löggreglumál.

Undan skilin þessum ákvæðum eru eiginleg póstskip og seglskip þau, er eigi flytja
 fleiri útfara en 10.

4. gr.

Allar sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 18. septbr. 1891.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Overtrædelse heraf straffes ved Landshøvdingens Resolution med Bøder indtil Nr. 12.
400 Kr. for hver Person, som Skibsføreren i Strid med dette Forbud modtager ombord, ^{18de} Septbr.
hvilke Bøder afholdes af den af Udvandringsagenten stillede Sikkerhed.

Med samme Straf anses den, der overlader en anden sit Pas. Ansvar i saa
Henseende gøres gældende under en offentlig Politisag.

Fra disse Bestemmelser undtages de egentlige Postskibe og de Sejlskibe, der ikke
medtage flere end 10 Udvandrere.

§ 4.

Alle Bøder efter denne Lov tilfalde Landstassen.

Hvorefster alle Bedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 18de September 1891.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.